

AÐALÞING

Námskrá og starfsáætlun skólaárið 2021-2022



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 3 |
| Gildi starfsins í Aðalþingi fyrir börn | 15 |
| Gildi starfsins í Aðalþingi fyrir starfsfólk | 20 |
| Gildi starfsins í Aðalþingi fyrir foreldra | 22 |
| Gildi starfsins í Aðalþingi fyrir samfélagið | 24 |
| Heimildir og ítarefni..... | 27 |
| Rafræn fylgiskjöl | 28 |





Inngangur

Eitt helsta markmið leikskólastarfsins í Aðalþingi er að sérhvert barn fái þá bestu umönnun og kennslu sem völ er á. Starfsáætlun leikskólans Aðalþings er ætlað að spegla þau gildi og viðmið sem starfið byggist á. Áætlunin á bæði að spegla þá hugmyndafræði sem liggur að baki starfinu í Aðalþingi og Aðalnámskrá leikskóla. Í henni á framtíðarsýn skólans að koma skýrt fram. Aðalþing er skipulagsheild sem byggir starf sitt á þekkingu, vexti hennar, viðhaldi og þróun.

Við stofnun Aðalþings var unnin námskrá fyrir skólastarf sem lögð var fram þegar skólinn var boðinn út til reksturs árið 2008 og á þeim grunni byggir leikskólastarf Aðalþings ennþá. Hinsvegar má segja að námskráin 2009-2010 hafi verið efnismeiri og endurskipulögð enda var þá komin meiri reynsla á skólastarfið.

Námskrá þessi sem gildir fyrir skólaárið 2021 – 2022 byggir á fyrri grunni námskrár sem foreldraráð og foreldrar tóku þátt í að vinna. En þá funduðu stjórnendur Aðalþings með foreldraráði um námskrána og haldin voru foreldraþing þar sem farið var í efni Aðalnámskrár leikskóla lið fyrir lið og útfærslu hennar í Aðalþingi og síðast en ekki síst ræddu foreldrar í minni hópum um efnið og lögðu fram tillögur um betrumbætur. Kennarar Aðalþings unnu síðan með niðurstöður foreldraþinganna.

Einnig var send út spurningakönnun þar sem foreldrum Aðalþings gafst kostur á að kjósa milli tveggja tillagna á skóladagatali leikskólans fyrir skólaárið 2012 – 2013. Mjög góð þátttaka var í könnuninni, riflega 80% fjölskyldna svöruðu og 97% þeirra kusu að hafa skipulagsdaga þrijá fyrstu virku dagana í janúar 2013 þegar grunnskólar eru einnig að mestu lokaðir. Á vorönn 2013 var gerð þjónustukönnun meðal foreldra í Aðalþingi þar sem meðal annars var spurt hvernig þátttakendum líkaði hið nýja fyrirkomulag. Mjög góð þátttaka var í könnuninni og svöruðu nær allir að þeim líkaði vel eða mjög vel við fyrirkomulagið. Vorið 2014 var þjónustukönnun endurtekin að hluta og voru foreldrar aftur spurðir um viðhorf þeirra á fyrirkomulagi skipulagsdaganna. Mjög góð þátttaka var í könnuninni og 95% líkar vel eða mjög vel við fyrirkomulagið, langflestum mjög vel.

Samræmd foreldrakönnun var send í alla leikskóla Kópavogs vorið 2016. Í könnun foreldra Aðalþings var svarhlutfallið 97,1 %, í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram almenn ánægja foreldra um leikskólastafið, unnið var að endurbótum miðað við niðurstöður í könnuninni.

Í leikskólastarfi er ljóst að ein stærð eða ein lausn er hvorki möguleg né æskileg fyrir alla. Ætlast er til að allir njóti sömu virðingar og í grundvallargildum starfsins sé gert ráð fyrir öllum.

Þau gildi sem öðru fremur er lögð áhersla á í Aðalþingi eru mannhelgi, virðing, hlustun, framsækni, umönnun og áskorun. Til þess að gildin séu ljós í skólastarfinu eru sett fram stefnumið sem eiga að endurspeglar gildin og leiðir að þeim.

Í samræmi við hugmyndafræði Malaguzzi frá Reggio Emilia sem skólinn styðst við, eru þing aldursskipt, þannig að námsúmþverfi henti hverjum árgangi sem best. Aðalþing vinnur sem eitt þekkingarsamfélög, hópurinn vinnur saman að sameiginlegum markmiðum sem ein heild.

Fjallað er um gildin í tengslum við helstu hagsmunahópa leikskólans; börn, starfsfólk, foreldra og samfélag.

Hugmyndafræðilegar stoðir

Sérhver skóli er samtímis einstakur og hluti af stærri heild, hann mótaðst af þeim einstaklingum sem að skólanum koma og menningu samfélagsins. Þær af leiðir er engin ein uppskrift til um gott skólastarf. Þær eru margar og fjölbreyttar og hér verður fjallað um helstu leiðir í skólastarfi Aðalþings.

Síðastliðin túu ár hefur starfsmannahópur Aðalþings þróað hugmyndafræðilegan grunn skólastarfsins, og má því segja að samræða starfsfólkssins sé einn helsti áhrifavaldur skólastarfsins. Í þessum samræðum hafa hugmyndir sprottið fram, þróast og verið framkvæmdar, hér má nefna þær helstu; þátttökuaðlögun, matstofa, viðbótarkennsla/skilgreind réttindi barna. Aðrir áhrifavaldar eru fræðafólk af ýmsum toga, þær má nefna; Svíann Harold Gothson, Spánverjann Alfredo Hoyuelos og Cynthiu Adlerstein Grimberg frá Síle; öll hafa þau dvalið daglangt í Aðalþingi og skilið eftir sig spor sem hafa nýst í skólapróun Aðalþings.

Fyrrgreind skólapróun síðustu túu ára hefur skilað sér í hugmyndamódeli sem nú er kallað Aðalþingsmódelið, það byggir á:

- Lýðræðislegu skólastarfi.
- Skapandi skólastarfi.
- Leik í skólastarfi.
- Að námsgögn séu aðgengileg börnum.
- Áhugahvöt barna og starfsfólk.
- Valdeflingu barna.
- Að efla trú barna á eigin getu.
- Matarmenningu.
- Skilgeindum réttindum barna.

Hugmyndir um gildi lýðræðis í leikskólastarfi í Aðalþingi eru sóttar til aðferða Loris Malaguzzi (1998) um leikskólastarf í anda Reggio Emilia. Í slíku leikskólastarfi er þátttaka barnanna í ákvarðanatöku eitt grundvallaratriði skólastarfsins (Edwards o.fl., 1998; Hoyuelos, 2013; Moestrup og Eskesen, 2004; Rinaldi, 2006). Skólastarfið í Aðalþingi á að einkennast af viðurkenningu og virðingu fyrir sérhverju barni, hugmyndum þess, kenningum og tilgátum. Mikilvægt hlutverk Aðalþings er að skapa börnunum sem þar eru fjölbreytt námstækifæri. Í Aðalþingi er lögð áhersla á að hvert barn fái tækifæri til að styrkja hugmyndir sínar um sjálfst sig, til að barn trúi á og eflí eigin getu þarf það að fá tækifæri til að reyna á eigin getu. Í Aðalþingi eru grunnþáttum og námssviðum leikskólanáms samþætt leik barnanna.

Leikskólastarf og hugmyndafræði eru ekki meitluð í Stein. Í Aðalþingi er markmiðið að leikskólastarfið þróist í samræmi við nýjar kennningar og rannsóknir. Lögð er áhersla á fljótandi námskrá en með því er annarsvegar átt við að hún er í stöðugu mati og endurskoðun, og hinsvegar að bæði er tekið tillit til áhuga barnanna og þeirra atriða sem ætlunin er að setja í forgang hverju sinni. Með því er átt við jafnþlíka hluti og útikennslu, rannsóknarhópa barna, heimspeki og læsi, dagála og þess að þróa fundarform. Lykilhugtök sem unnið er með á markvissan og skapandi hátt í leikskólanum eru nám leikskólabarna, ígrundun, lýðræði/valdefling, náttúra og upplýsingatækni.

Rannsóknarleikskóli

Leikskólanum Aðalþingi er áfram ætlað að vera rannsóknarleikskóli í fararbrotti í leikskólastarfí. Stefnt skal að því að reglulega sé sótt um styrki til nýbreytni og þróunarstarfa. Að jafnframt séu verkefnin unnin að einhverju leyti hvort sem til þeirra fæst styrkur eður ei. Gefinn skal tími til að móta og setja fram hugmynd að nýbreytni og þróunarverkefni þegar búið að vinna ákveðnar undirstöður. Þótt verkefni fái ekki styrk er ekki litið svo á að þeirri vinnu sé kastað á glæ heldur ber að vinna áfram að framgangi hugmyndarinnar í leikskólanum þótt það geti verið með öðru sniði. Síðustu ár hafa eftirfarandi þróunar- og rannsóknarverkefni verið unnin í Aðalþingi:

| Umsóknir í sjóði | Efni verkefnis | Ártal | Staða verkefnis |
|--|---|--------------|---|
| Styrkur veittur frá Sprotasjóði | Ljós og tækni | 2010 | Kennsluvefur á heimasíðu Aðalþings http://www.laupur.is/ljosheimar/ |
| Sótt um í Sprotasjóð – neitun | Sérkennslu | 2010 | Þróun viðbótarkennsluteymis, sjá ársskýrslur |
| Styrkur veittur frá Þróunarsjóði námsgagna | Kennsluvefur um matarmenningu í leikskóla | 2012 | Kennsluvefur á heimasíðu Aðalþings http://www.adalthing.is/is/matarmenning |
| Sótt um í Sprotasjóð – neitun | Þróun aðferðar til að skoða og ígrunda styrkleika og trú leikskólabarna á eigin getu | 2015 | Orðið hluti af kerfisbundnu innra mati á leikskólastarfí |
| Sótt um í Sprotasjóð – neitun | Þróá kerfisbundið innra mat á leikskólastarfí | 2016 | Unnið er að hönnun kerfisbundis innra mats á leikskólastarfí |
| Styrkur veittur frá Jafnréttissjóði Íslands | Áhrif jafnara kynjahlutfalls í starfsmannahópnum á Leikskólastarfíð | 2016 | Rannsókn er lokið, skýrslu er að finna á heimasíðu leíkskólans |
| | Aðalþing stóð fyrir málstofu á Menntakviku HI, hélt þar fjóra fyrirlestra. | 2017 | Lokið |
| Styrkur frá Erasmus fyrir sánskan hóp að heimsækja Aðalþing vorið 2021 | Erasmusverkefni tveggja sánskra sveitarfélaga og Aðalþings um: Lýðræði í verki í leikskólum | 2020- | Samstarfsverkefnið hefst formlega haustið 2020 |
| | Handbók um foreldrasamtöl í Aðalþingi - verkfæri fyrir kennara í skólanum. Handbók um foreldrasamstarf. | 2020 | Handbók um foreldrasamtöl (46 bls) er tilbúin og komin í notkun. Handbók um foreldrasamstarf er í vinnslu |
| | Stjórnendur Aðalþings munu flytja two fyrirlestra á Menntakviku HI. | 2020 | Menntakvikan verður 2. Október 2020 |

Nýbreytni

Samanber grein 3.2 í þjónustusamningi rekstraraðila Aðalþings og Kópavogs er eitt megin markmiðið með rekstri leikskólans að „efla og auðga leikskólastarf í Kópavogi, með því að leita nýrra leiða til að auka nýbreytni og sveigjanleika í leikskólastarfi“.

Á skólaárinu 2021-2022 er unnið að eftirfarandi þróunarstarfi í Aðalþingi:

- Að undirbúningi á þróunarverkefni um eiturefnalausan leikskóla verði haldið áfram, möguleikar á svansvottun skoðaðir.
- Að þróunarverkefni á deildum yngri barnanna í Aðalþingi verður endurmetið sérstaklega skólaárið 2021-2022.
- Þróunarverkefni um matstofur leikskólans verður haldið við í vetrur.
- Áframhaldandi notkun og þróun morgunkýrslna leikskólans, sem eru markvissar skipulagsskýrslur um starfsmannahald dagsins, gerð morgunkýrslna gerir morgunfundí líkt og tíðast víða óþarfa. Unnið verður að rafrænni útgáfu á skýrslunum skólaárið 2021-2022.
- Að þróa fræðslu og endurmenntunarleiðir leikskólans, svo sem fyrirlestra, handleiðslu og svokallaða „pedfundí“ skólans, þar sem fjallað er um skráningar og skólastarfið almennt.
- Að þróa áfram hvernig við veitum upplýsingar og kynnum skólastarfið fyrir foreldrum og öðrum vinum á netmiðlum skólans.
- Að þróa áfram Helgarpósta; sem eru vikuleg rafræn rit með myndasafni frá hverri deild/bingi til foreldra, með upplýsingum um skólastarf liðinnar viku.
- Að halda kennsluvefnum um valdeflingu barna, sjálfbærni, raungreinar, útinám, læsi, matarmenningu og matstofu Aðalþings vakandi.
- Að þróa áfram og enduskipuleggja kerfi þátttökuaðlögunar en skólinn var fyrsti leikskólinn á Íslandi sem tók upp það aðlögunarfyrirkomulag.
- Að þróa áfram skipulagða fræðslu fyrir nýliða (nýtt starfsfólk).
- Að þróa áfram læsisstefnu Aðalþings vinna einnig með hugmyndir um *Hið ljúfa læsi*.

IOS kerfi er ætlað að halda utan um tónlistarsafn, myndasafn og önnur gagnasöfn og upplýsingagrunna, auk þess sem áætlunin gerir ráð fyrir að kerfið verði nýtt til samskipta og upplýsingamiðlunar. Kerfið gegnir lykilhlutverki við uppeldisfræðilegar skráningar. IOS er stýrikerfi fyrir snjalltæki á borð við iPad, iPodTouch og iPhone. Aðalþing var brautryðjandi í notkun á spjaldtölvtækni í leikskólum frá árinu 2011, en spjaldtölvir og fleiri snjalltæki hafa verið á öllum deildum síðan þá.

Menningarlegur margbreytileiki

Í Aðalþingi fögnum við menningarlegum margbreytileika. Við teljum sjálfsögð mannréttindi að njóta viðurkenningar og að virðing sé borin fyrir



Námskrá og starfsáætlun Aðalþings 2021-2022

bakgrunni hvers og eins. Í Aðalþingi er leitast við að skipulag húsnæðis sem og efniviður leikskólastarfsins endurspegli margbreytileika sem og myndir og skráningar sem eru á veggjum í leikskólanum og annað efni sem frá leikskólanum fer.

Það er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Kynjafræðilegt sjónarhorn

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) er jafnrétti einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Mikilvægi hins kynjafræðilega sjónarhorns í leikskólastarfí ætti flestum að vera ljóst. Jafnrétti í margar áttir er ein meginundirstaða skólastarfs. Í Aðalþingi er ætlast til að starfið sé skoðað með kynjafræðilegum gleraugum, að efni sem leikskólinn sendir frá sér sé yfirsarið með tilliti þess hvernig kynin birtast þar og skráningar og viðfangsefni þeirra greind frá kynjuðu sjónarhorni. Híð kynjaða sjónarhorn er hluti af menningu skólans og daglegum venjum. Skólaárið 2016-2017 var gerð rannsókn um áhrif jafnara kynjahlutfalls í starfsmannahópnum á leikskólastarfíð eins og geint var frá hér að framan.

Sjálfbærni

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) er sjálfbærni einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Sjálfbærni felur í sér fjölmarga þætti svo sem að vinna með gildi sem tengjast lýðræði og því að efla virðingu og tilfinningu fyrir náttúru og umhverfi. Hún tengist ótalmörgum menningarlegum, félagslegum og efnahagslegum þáttum.

Í Aðalþingi er horft til víðrar skilgreiningar á sjálfbærni og í samræmi við það unnið með hana þvert á allt starf leikskólans. Menntun til sjálfbærni í Aðalþingi miðar einnig að því að börnin taki þátt í að móta og hafa áhrif á leikskólasamfélagið.

Hugmyndir um sjálfbærni í verki má meðal annars finna í innkaupastefnu leikskólans, vali á efniviði til sköpunar og leiks með börnum, umverfismenntunar, matarmenningu og endurvinnslu. Jafnframt má sjá greinileg merki sjálfbærni í hugmyndafræði skólastarfsins.

Umhverfisteymi Aðalþings

Frá 2015 hefur verið unnið að því að gera Aðalþing að eiturefnalausum leikskóla, í september sama ár var eftirfarandi stefnuyfirlýsing samþykkt;

Markmiðið okkar í Aðalþingi er að veita börnum einum eiturefnalaust umhverfi og völ er á.

Fórum vel með mat og menningu.

Fórum vel með umhverfi og náttúru.

Fórum vel með líkama og sál.

Í Aðalþingi er starfandi umhverfisteymi sem vinnur sérstaklega að umbótastarfí í átt að því að Aðalþing verði eiturefnalaus leikskóli.

Upplýsingatækni

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011), er bent á að tölvur og stafræn samskiptatæki séu víða orðin ómissandi og sjálfsögð verkfæri í skólastarfí. Upplýsingatækni og notkun tölva styðja við sjálfbærni og gefa möguleika til að þroa starfið á fjölbreytta vegu. Aðalþing hefur frá upphafi lagt árherslu á að búa skólann vel af tölvum og öðrum stafrænum nýsigögnum. Má í raun segja að þessi áhersla sé ein

undirstaða þess að skólinn geti náð fram markmiðum sínum og sýn. Í skólanum er þráðlaus nettenging sem kennarar við skólann settu upp og hefur nú í nokkur ár náð til allra rýma skólans. Greiður aðgangur að tölvum og starfrænum myndavélum fyrir utan viðeigandi hugbúnað er undirstaða uppeldisfræðilegra skráninga í starfinu.



- Í Aðalþingi er stefnt að því að:

- Vinna áfram að nýbreytni í tölvutækni í leikskólanum.
- Vinna áfram í því að koma hluta af fræðslu- og kynningarrefni skólans í myndbönd og upptökur sem meðal annars eru aðgengilegar foreldrum á netinu.
- Haldið verði áfram með að veita starfsfólki til sögn í notkun tækni til skráningavinnu. Nýta skráningar áfram með börnum og þeim gefinn kostur á að skoða og túlka þær og koma með athugasemdir.
- Áframhaldandi þróun vefsíða leikskólans.
- Halda áfram með þróun á síðu á samskiptamiðlum sem ætlað er fjölskyldum barnanna og öðrum vinum Aðalþings.
- Enn öflugri notkun upplýsingatæknistarfs verði með öllum árgögum leikskólans.
- Haldið verði áfram með útgáfu Helgarpósta til foreldra sem innahalda auk texta að jafnaði nokkur myndasöfn.


- Áframhaldandi þróun á skjámiðlun til foreldra í anddyri leikskólans.
- Upplýsingakerfið – Vala, hefur verið tekið í notkun í Aðalþingi, enn er verið að þróa hlutann fyrir foreldra, hver nýung þar verður jafnóðum innleidd í Aðalþing.

Leikur og læsi

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) er læsi einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Í Aðalþingi er unnið á fjölbreyttan hátt með læsi meðal annars innan snertiflata; leiks – læsis – máls, að ógleymendum samskiptum, í leikskólanum eru skapaðar aðstæður svo börnin fái fjölmörg tækifæri til samskipta og tjáningu með fjölbreyttum hætti.

Chomsky (2013) hefur sýnt fram á að við það að samþætta (e. merge) sjálfstæðar einingar verði til öflugri eining, en einingarnar sem samþætta eru hverfa þó ekki – hver um sig er enn til staðar. Í Aðalþingi hefur verið þróuð sérstök nálgun í vinnu með læsi, í þeirri nálgun hafa einingar eins og leikur, læsi og tungumál verið samþættar, það er að fundinn er snertiflötur á leik, læsi og máli (e. play-literacy nexus) Roskos og Christie (2011). Í Aðalþingi hefur þessi nálgun ekki aðeins verið notuð heldur hefur verið bætt þætti sköpunar við, á myndinni sem fyrlgir þessum texta má sjá samþættinguna. Þessi læsisaðferð hefur nú verið notuð í nokkur ár í Aðalþingi með mjög góðum árangri. Það má meðal annars

Læsisaðferð Aðalþings



greina með niðurstöðum á skimunarprófi Hljóm-2 síðustu fimm ár sem lagt var fyrir öll 5 ára börn í Aðalþingi. Niðurstöður prófanna Hljóm-2 frá 2016 – 2021 sýna niðurstöðurnar að frá 89% - 96% barnanna hafa öðlast meðal- eða góða færni samkvæmt prófinu. Hljóm-2 er greiningartæki, aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarferfiðleika síðar meir. Þessi nálgun á vinnu með læsi barna hefur ekki aðeins verið árangursrík, heldur fellur hún vel að leikskólafræðum og ekki síst leikskólafræðum í anda Malaguzzi. Skólaárið 2021-2022 verður einnig unnið með hugmyndir Rósu Eggerts dóttur (2019) um *Hið ljúfa læsi*.

Framkvæmdaráætlun Aðalþings um mál og lestur 2021 – 2022

- Komið verði á móts við sérhvert barn eftir aðstæðum þess; t.d. annað móðurmál en íslenska og barn sem dvalið hefur langdvölum erlendis.
- Vikulegir fundir þar sem starfsfólk ígrundar og ræðir skólastarfið, þar á meðal læsi í Aðalþingi.
- Að skapa fjölbreytt og hvetjandi námsumhverfi (starfshættir og umhverfi) fyrir börnin sem vekur áhuga þeirra á lestri og bætir árangur í málþroska, lestri og lesskilningi.
- Læsishvetjandi – úti sem inni
- Myndlist, flokkun, mynsturgerð, lesa, skrifna, teikna, mála, eiga samræður, deila reynslu...
- Námsumhverfi.
- Starfsfólk tali fjölbreytt mál, tali skýrt við börnin – ekki til barnanna.
- Starfsfólk hvatt til að sækja sér endurmenntun.
- Faglegar bækur og tímarit séu til staðar í Aðalþingi.
- Dagálar, þar sem daglegar athafnir og leikir barna eru skráðir jafnóðum.
- Samstarf við foreldra um mál og lestur
- Foreldrasamtöl – dagálar
- Helgarpóstur
- Heimasíða og facebooksíða
- Samvinna við grunnskóla
- Árlegt mat; Hljóm-2 að hausti fyrir elstu börn leikskólans. EFI-2 fyrir börn á fjórða ári. Málþroskaskiminun Orðaskil þegar þess þarf.

Mat og eftirlit

Mat í leikskólanum þarf að uppfylla þau skilyrði, að vera kerfisbundið, altækt, opinbert, áreiðanlegt, greinandi og lýsandi og það verður að stuðla að samstarfi og umbótum. Mat verður líka að falla að þeirri starfsemi sem fyrir er og flokkast undir fasta þætti í starfi til að það festist í sessi og nýttist. Tilgangur mats er þríþættur; fylgjast með að ákvæðum laga, reglugerða og aðalnámskrá sé fylgt eftir, auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum og loks að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar innra mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur, t.d. sveitarfélög eða ráðuneyti.

Eins og fram hefur komið starfar Aðalþing eftir þjónustusamningi við Kópavog. Samkvæmt samningnum er eitt meginmarkmiðið með rekstri leikskólans að „efla og auðga leikskólastarf í Kópavogi, með því að leita nýrra leiða til að auka nýbreytni og sveigjanleika í leikskóla-starfi“. Allt frá opnum leikskólans hefur markvisst verið unnið að því að skólinn standi undir því markmiði, líkt og greina má víðar í þessari skólanámskrá.

Í Aðalþingi eru gerðar uppeldisfræðilegar skráningar í formi ritaðs máls, ljósmynda og myndbanda og ennfremur eru fundargerðir af fundum grundvöllur umbótamiðaðs mats. Á hinum ýmsu fundum þinga/deilda eru tekin fyrir mismunandi atriði í starfinu og rætt um það sem vel er gert, um það sem óskað er eftir að þróa og það sem betur mætti fara. Í kjölfar funda má búast við breytingum. Uppeldisfræðilegar skráningar eru hafsjór upplýsinga sem hægt er að nota á mismunandi hátt, ein leið er að skoða þær með matssprungar í huga. Matið er því símat sem er bæði umbótamiðað og samstarfsmiðað. Einnig eru framkvæmdar kannanir meðal foreldra í tölvutæku formi og á foreldrafundum, auk kannana á vegum bæjarfélagsins. Starfsfólk skólans hefur síðastliðin skólaár verið að þróa kerfisbundið innra mat, form sem notað verður í Aðalþingi næstu ár. Eftirfarandi fundir eru liður í matsferli skólans:

- Pedfundir; þar ræða kennrarar og starfsfólk saman og meta leikskólastarfíð út frá skráningum.
- Stjórnendafundir eru einu sinni í viku, – þar eru ákvarðanir teknar og endurskoðaðar af stjórnendum skólans, það er; þingforsetum, leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, viðbótarkennslustjóra, pedagogistu, yfirmatriðslumanni o.s.frv.
- Þingforsetafundir; einu sinni í viku, - þá funda þingforsetar með leikskólastjóra.
- Þingfundir/deildarfundir aðra hverja viku.
- Fundir leikskólastjóra, rekstraraðila og foreldraráðs Aðalþings.
- Fundir leikskólastjóra og rekstraraðila.
- Fundir viðbótarkennsluteymis.
- Starfsþróunarsamtöl.
- (Sameiginlegir fundir allra kennara og starfsfólks Aðalþings, um það bil einu sinni í mánuði, hafa verið lagðir af vegna þess að skipulagsdagar eru núna miðstýrðir af sveitarfélaginu og svigrúm skólans því takmarkaðra).
- Umhverfisteymi vinnur sérstaklega að umbótastarfí í átt að því að Aðalþing verði eiturefnalaus leikskóli.

Stjórnunarteymi Aðalþings

Stjórnunarteymi Aðalþings samanstendur af; leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, pedagogistu, matreiðslumanni, viðbótarkennslustjóra og þingforsetum leikskólans. Teymið situr alla stjórnendafundi sem haldnir eru vikulega. Stjórnunarteymi skal vinna að því að:

- Halda utan um þróun skólastarfsins og vera leiðandi á sínu sviði.
- Þróa leikskólastarfíð í kringum nýja Aðalnámskrá leikskóla.
- Leiða umræðu og mat á skólastarfinu.
- Vinna í anda skipurits fyrir Aðalþing.
- Starfa í anda starfslýsinga Félags leikskólakennara svo og starfslýsinga Aðalþings.
- Gera handbók fyrir nýliða í Aðalþingi.

Á hinum ýmsu fundum í skólanum er regluleg matsumræða um eftirfarandi þætti; jafnrétti, sjálfbærni, upplýsingataækni, mál og lestar, skapandi og hvetjandi námsumhverfi, starfshætti, matarmenningu, útiveru og hreyfingu, valdeflingu, lýðraeði.

Helgarpóstar sem fjallað hefur verið um hér að framan eru hluti af matsleiðum Aðalþings, innihald þeirra er reglulega rýnt og metið t.d. á skipulagsdögum.

Reglulega er lagt mat á heimasiðu og facebooksíðu leikskólans.

Aðalþing býr að veglegu fagbókasafni sem er staðsett í miðju skólans, þar má finna fróðleik allt frá eldri bókum um heimspeki yfir í fræðirit um menntamál.

Þátttaka barna í mati á skólastarfinu í Aðalþingi

Í Aðalþingi er fljótandi námsskrá, sem felur í sér að námsskráin er í stöðugu mati og endurskoðun. Tillit er tekið til áhuga barnanna þegar ákveðið er hvað er sett í forgang hverju sinni. Grunnþáttur starfsins felst í áherslu á lýðraeðislegt leikskólastarf, í slíku starfi felst virkni barna og að þau lifa í lýðraeði, hluti af því er að meta alla þætti starfsins jafnt og þétt.

Hér er lýst og tekin dæmi um það hvernig kennararnir í Aðalþingi hlusta eftir og aðstoða börnin við að vinna með hugmyndir sínar og hvernig sú vinna þróast með hækkandi aldri barna.

Fyrstu mánuði í leikskólagöngu tveggja ára barnanna eru þau að læra að leika og starfa í því frelsi sem einkennir leikskólastarfið í Aðalþingi. Börnin læra að vega og meta, velja og hafna svo og að átta sig á því að hugmyndir þeirra hafa gildi í leikskólasamfélagit. Börnum gefst tækifæri til að meta hvaða námsgögn þau vilja nota; efniviður er aðgengilegur børnum, svo sem blöð í mismunandi stærðum, litir, púsl, leikföng o.fl.. Börnin velja hvernig þau vilja nota efniviðinn og hvaða efnivið þau vilja nota saman. Börnin taka sín fyrstu skref í þátttöku á svokölluðum stöðvavinnufundum, þar ræða þau og meta viðfangsefni og velja sér. Í fyrstu eru stöðvar táknaðar með hlutum, t.d. geta kubbar verið táknað fyrir byggingastöð. Á matmálstímum eru börnin aðstoðuð við að velja sér sjálf mat af hlaðborði í Borðstofunni, síðan velja þau hvar þau vilja sitja hverju sinni og hve lengi þau eru að borða.

Þegar börnin eru um það bil þriggja ára taka þau enn virkari þátt í stöðvavinnufundum en áður; kynnast notkun á tússtöflu þar sem hugmyndir þeirra um stöðvavinnu eru skráðar bæði í texta- og myndformi. Hvert barn skrifar síðan sinn bókstaf við þá stöð sem það velur sér. Á matmálstímum velja börnin sér sjálf mat af hlaðborði í Matstofunni, velja sér sæti o.s.fr., líkt og þau gerðu tveggja ára. Þá eykst þátttaka barnanna í að meta eigið magamál, að vera svangur/svöng, saddur/södd, að meta hve mikil þau velja að setja á matardiska o.s.fr.

Fjögurra ára eru börnin orðin vön að skipuleggja stöðvavinnufundi, þau eru einnig farin að stýra fundunum af og til og velja svo samkvæmt eigin mati. Daglega er skólastarfið í þeim anda að augnablik eru gjarnan gripin, þegar börnin fá hugmyndir. Hlustað er sérstaklega á hugmyndir þeirra og þau aðstoðuð við að grípa tækifærið – augnablikid og hvernig þau geti haldið áfram að vinna með hugmyndir. Börnin læra þannig af hverju öðru og meta eigið nám og starf svo og hinna barnanna með virðingu og opnum hug.

Dæmi um að grípa hugmynd barna.

Snemma morguns þegar börn og kennrar sátu á stöðvavinnufundi, hækkaði sól fyrir utan gluggann og varpaði skuggum á gólfíð þar sem börnin sátu. Hugmynd kvíknaði hjá börnunum um að hafa skuggastöð og lögðu þau til að skuggastöð yrði bætt við sem og var gert. Í sameiningu útbjuggu börnin og kennararnir skuggastöð sem er enn í þróun og ekki er vitað hvert hún muni leiða okkur áfram í skólastarfinu.

Þingið/deildin er vinnusvæði þeirra sem þar eru og á það ekki síst við um börnin sjálf, þau hafa nánast allt um það að segja hvernig þingið/deildin þeirra lítur út og hvað er í boði í stöðvavinnu, leitað er eftir hugmyndum barnanna. Börnin huga einnig að þinginu/deildinni t.d. með því að ganga frá jafnóðum og að þrífa hana einu sinni í viku. Í Matstofu velja þau sér sæti o.fl. Þegar hér er komið eiga börnin að vera orðin nokkuð góð í að meta eigið magamál þannig að þegar þau eru búin að borða og koma til baka inn á sitt þing/deild þá færir hvert barn mynd af sér á þar tilgerða matstöflu, sem sýnir hvort barnið hafi að eigin mati borðað; lítið, miðlungs eða mikið. Enn þarf nokkrar umræður um að setja ekki of mikið á matardiskinn, fá sér frekar meira af hlaðborðinu í annarri ferð.

Þegar börnin eru fimm ára og komin á sitt síðasta leikskólaár eru þau orðin vön enn sjálfstæðari vinnubrögðum svo og í að leggja mat á eigin hugmyndir og sameiginlegar hugmyndir hópsins. Börnin bæði stýra og skipuleggja stöðvavinnufundi ásamt kennurum. Þá metur hvert barn að hausti hvað það vill leggja sérstaka áherslu á síðasta skólaárið sitt. Líkt og áður var fjallað um þá er þingið/deildin vinnusvæði sem börnin huga að líkt og þau gerðu þegar þau voru fjögurra ára og þegar þau leggja mat á hve mikið þau hafi borðað, skrá þau það á spjald merkt nafni viðkomandi barns, fyrst er nafnið haft í prentuðu formi en þegar líður að vori breyta börnin þeim yfir í að skrifa sjálf nafnið sitt í stað þess prentaða. Oft þarf nokkrar umræður um að setja ekki of mikið á matardiskinn og forðast matarsóun.

Um matarmenninguna í Aðalþingi er sérstakur námsvefur á heimasíðu leikskólans.

Viðbótarkennsluteymi

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) er jafnrétti einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Öll börn eiga rétt til menntunar og náms við hæfi. Með námi við hæfi er átt við að leikskólinn leggur sig fram um að veita öllum börnum sem mesta og besta hlutdeild í því starfi sem þar fer fram, bæði á forsendum barnsins og leikskólans. Það sem venjulega gengur undir nafninu sérkennsla fær heitið viðbótarkennsla. Viðbótarkennsluteymi Aðalþings fundar hálfsmánaðarlega til að meta og skipuleggja starfið. Teymið er jafnframt forvarnarteymi og markmiðið er að tryggja að ekkert barn sé lengi með óljósa stöðu eða á gráu svæði eins og stundum er sagt. Unnið er eftir ákveðnu vinnuferli þegar grunur er um að barn fái ekki notið leikskóladvalar sinnar til hlítar s.s vegna þroskaraskana, tilfinninga- og eða félagslegra erfiðleika. Reglulega eru haldnir svokallaðir teymisfundir, þar sem foreldrar, þingforseti viðkomandi barns og viðbótarkennslustjóri o.fl. fara yfir hvernig hefur gengið, farið er yfir einstaklingsnámskrá barnsins og hvað beri að leggja áherslu á næstu átta vikurnar. Hlutverk viðbótarkennsluteymis er einnig að vinna að því að komið verði til móts við sérhvert barn eftir aðstæðum þess; t.d. annað móðurmál en íslenska og barn sem dvalið hefur langdvölum erlendis. Matsverkfæri sem nýtt eru hjá teyminu eru meðal annars; Hljóm-2 að hausti fyrir elstu börn leikskólans. EFI-2 fyrir börn á fjórða ári. Málþroskaskiminun Orðaskil þegar þess þarf. Skipulag og vinnuferli Viðbótarteymisins er endurskoðað reglulega og það skilar árlega skýrslu til Menntasviðs Kópavogs.

Aðkoma foreldra að mati

Í Aðalþingi hefst foreldrasamstarfið með fyrsta bréfi sem staðfestir að barnið muni hefja leikskólagöngu í leikskólanum. Í bréfinu er greint frá einu meginmarkmiði skólans sem er að í Aðalþingi fái barnið þá bestu umönnun og kennslu sem völ er á. Foreldrum er reglulega bent á að láta stjórnendur vita ef þeir telja að fyrrgreint markmið sé ekki uppfyllt. Áður en barn hefur leikskólagöngu sína eru foreldrar boðaðir í fyrsta foreldrasamtalið, en reglubundin formleg samtöl eru tvísvar á skólaári, eitt að hausti og annað að vori, einnig geta foreldrar hvenær sem er óskað eftir sérstöku samtali við kennara og/eða stjórnendur skólans. Markmið foreldrasamtala er að foreldrar og kennarar ræði um skólastarfið; nám og líðan barnsins. Kennarar í Aðalþingi hafa þróað eyðublöð sem notuð eru í foreldrasamtölum. Viðbótarkennslustjóri er með í foreldrasamtölum bæði hjá þeim börnum sem eru í 3-4 flokki og börnum leikskólans þar sem óskað er eða þörf er á frekari ráðgjöf til foreldra. Áður en barnið hefur leikskólagöngu sína eru foreldrar þess boðaðir á kynningarfund þar sem skólastarfið í Aðalþingi er kynnt og þeim bent á leiðir til að gagnrýna skólastarfið. Aðferðin sem notuð er við upphaf skólagöngu hvers barns í Aðalþingi nefnist þátttökuaðlögun, foreldrar eru með börnum sínum í leikskólanum í þrjá daga og taka virkan þátt í leikskólastarfinu. Í Aðalþingi er starfandi foreldrafélag svo og foreldraráð, sem hefur sett sér starfsreglur. Meiriháttar breytingar á skólastarfi Aðalþings eru lagðar fyrir foreldraráðið. Kannanir hafa verið gerðar meðal foreldra, þær hafa ýmist verið framkvæmdar af stjórnendum skólans eða fyrirtækinu Skólapúls og unnið hefur verið að endurbótum miðað við niðurstöður kannananna. Foreldrar fá vikulega gögn um líðandi skólastarf, foreldrar og börn rýna gögnin sameiginlega, þannig gefst barni tækifæri á að rifja upp og meta hvað það hefur lært. Í Aðalþingi hefur verið unnin handbók fyrir starfsfólk um foreldrasamstarf.

Aðalþing - Vatnsendaskóli

Kópavogur hefur tekið þá ákvörðun að hver leikskóli eigi aðeins samstarf við einn grunnskóla, það er grunnskóla í viðkomandi skólahverfi. Öll börn sem eru í viðkomandi leikskóla taka þátt í samstarfi við hverfisskóla hvort sem barnið mun hefja þar grunnskólagöngu sína eða ekki. Aðalþing er í samstarfi við Vatnsendaskóla, kennarar yngsta stigsins þar og kennarar elsta stigs leikskólanna eiga með sér samstarf. Vatnsendaskóli er með verkefnavinnu sem heitir Skólavinir. Verkefninu er þannig háttáð að leikskólabörn á síðasta ári í leikskóla eignast skólavin í fjórða bekk. Meginmarkmið verkefnis er að nemandi sem hefur grunnskólagöngu í 1. bekk eigi stuðningsaðila í skólanum, vin í 5. bekk sem hann getur leitað til. Að vori funda kennarar skólastiganna tveggja, leggja mat á líðandi samstarf og greina frá stöðu barnanna.

Stefnur og eftirlit

- Mánaðarlega eru tekin saman gögn fyrir Kópavogsþær samkvæmt ákvæðum í þjónustusamningi við Aðalþing.
- Reglulega er framkvæmd aðalskoðun á leiktækum á leikvelli Aðalþings samkvæmt reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja.
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vinnur reglulega mat á leikskólanum.
- Mánaðarlega vinnur leikskólastjóri Aðalþing ----- Eldvarnareftirlit

- Viðbragðs- og rýmingaráætlun
- Aðalþing hefur sett sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning barna í Aðalþingi.
- Aðalþing hefur sett sér stefnu um jafnrétti.
- Aðalþing hefur sett sér stefnu um viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrarog kynbundinnar áreitni.
- Handbók um öryggi og velferð barna í leikskólum mennta og menningamálaráðuneytisins.
- Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda unnar af menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barnavernd Reykjavíkur og Barnaverndarstofu.



Gildi starfsins í Aðalþingi fyrir börn

Án barna er enginn leikskóli. Starfið í leikskólanum á fyrst og síðast að snúast um börnin sem þar eru. Líðan þeirra og þroska. Að þar sé kærleikur, áskoranir, umhyggja, virðing og hlustun. Að hvert barn upplifi allt þetta og miklu meira til á hverjum einasta degi, er helsta markmið starfsins í Aðalþingi. Að nám barnanna og námsumhverfi styðji við andlegan og líkamlegan þroska þeirra á fjölbreyttan hátt daglega. Til að það sé unnt eru nokkur atriði sem vert er að benda á.

Skapandi námsumhverfi

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) er sköpun einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Rými leikskólans er fyrst og fremst vinnu- og námsvæði, þar sem ung börn hafa aðstöðu til að rannsaka og gera tilraunir og uppgötvanir og þar sem verk barnanna fá að standa og þróast áfram eftir því sem áhugi þeirra og virkni bíður. Námsumhverfi leikskólans tekur mið af því að börnin séu virk og læri í gegnum leikinn í víxverkan umhverfis og sjálfs. Umhverfið er síbreytilegt og bíður upp á fjölbreytta valkosti.

Leikur skal gegna lykilhlutverki í leikskólastarfi, í Aðalþingi er lögð áhersla á að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a.með því að: gefa leik nægan og samfelldan tíma og rými til að þróa leik og dýpka.

Í Aðalþingi er unnið að skapandi skólastarfi (sjá lýsingu á bls. 7 í Sköpun - fylgiriti Aðalnámskrár. Ritröð um grunnþætti menntunnar). Í leikskólanum er markvisst unnið með fjölbreyttan og opinн efnivið þar sem hvert barn fær ótal möguleika til að gera tilraunir og leika með alvöru hluti í stað eftirlíkinga. Ýmsir þættir gera barninu kleift að skynja ytra umhverfi leikskólans, svo sem veður og árstíðabreytingar. Nám í leikskóla fer því ekki síður fram úti en inni.

Lögð er áhersla á að stunda leikskólanámið jafnt utan sem innan dyra. Efniviður leikskólans er margbreytilegur eins og fyrr segir og leitast er við að sækja efnivið í náttúruna eins mikið og mögulegt er.

Þátttaka barna í mati á skólastarfinu í Aðalþingi

Í Aðalþingi er fljótandi námsskrá, sem felur í sér að námsskráin er í stöðugu mati og endurskoðun. Tillit er tekið til áhuga barnanna þegar ákveðið er hvað er sett í forgang hverju sinni. Grunnþáttur starfsins felst í áherslu á lýðræðislegt leikskólastarf, í slíku starfi felst virkni barna og að þau lifa í lýðræði, hluti af því er að meta alla þætti starfsins jafnt og þétt.

Hér er lýst og tekin dæmi um það hvernig kennararnir í Aðalþingi hlusta eftir og aðstoða börnin við að vinna með hugmyndir sínar og hvernig sú vinna þróast með hækkandi aldrí barna.

Fyrstu mánuði í leikskólagöngu tveggja ára barnanna eru þau að læra að leika og starfa í því frelsi sem einkennir leikskólastarfið í Aðalþingi. Börnin læra að vega og meta, velja og hafna svo og að átta sig á því að hugmyndir þeirra hafa gildi í leikskólasamfélaginu. Börnum gefst tækifæri til að meta hvaða námsgögn þau vilja nota; efniviður er aðgengilegur börnunum, svo sem blöð í mismunandi stærðum, litir, púsl, leikföng o.fl.. Börnin velja hvernig þau vilja nota efniviðinn og hvaða efnivið þau vilja nota saman. Börnin taka sín fyrstu skref í þáttöku á svokölluðum stöðvavinnufundum, þar ræða þau og meta viðfangsefni og velja sér. Í fyrstu eru stöðvar táknaðar með hlutum, t.d. geta kubbar verið táknað fyrir byggingastöð. Á matmálstínum eru börnin aðstoðuð við að velja sér sjálf mat af hlaðborði í Borðstofunni, síðan velja þau hvar þau vilja sitja hverju sinni og hve lengi þau eru að borða.

Þegar börnin eru um það bil þriggja ára taka þau enn virkari þátt í stöðvavinnufundum en áður; kynnast notkun á tússtöflu þar sem hugmyndir þeirra um stöðvavinnu eru skráðar bæði í texta- og myndformi. Hvert barn skrifar síðan sinn bókstaf við þá stöð sem það velur sér. Á matmálstínum velja börnin sér sjálf mat af hlaðborði í Matstofunni, velja sér sæti o.s.frv., líkt og þau gerðu tveggja ára. Þá eykst þátttaka barnanna í að meta eigið magamál, að vera svangur/svöng, saddur/södd, að meta hve mikið þau velja að setja á matardiska o.s.frv.

Fjögurra ára eru börnin orðin vön að skipuleggja stöðvavinnufundi, þau eru einnig farin að stýra fundunum af og til og velja svo samkvæmt eigin mati. Daglega er skólastarfið í þeim anda að augnablik eru gjarnan gripin, þegar börnin fá hugmyndir. Hlustað er sérstaklega á hugmyndir þeirra og þau aðstoðuð við að grípa tækifærið – augnablikið og hvernig þau geti haldið áfram að vinna með hugmyndir. Börnin læra þannig af hverju öðru og meta eigið nám og starf svo og hinna barnanna með virðingu og opnum hug.

Dæmi um að grípa hugmynd barna.

Snemma morguns þegar börn og kennrarar sátu á stöðvavinnufundi, hækkaði sól fyrir utan gluggann og varpaði skuggum á gólfíð þar sem börnin sátu. Hugmynd kvíknaði hjá börnunum um að hafa skuggastöð og lögðu þau til að skuggastöð yrði bætt við sem og var gert. Í sameiningu útbjuggu börnin og kennararnir skuggastöð sem er enn í þróun og ekki er vitað hvert hún muni leiða okkur áfram í skólastarfinu.

Þingið/deildin er vinnusvæði þeirra sem þar eru og á það ekki síst við um börnin sjálf, þau hafa nánast allt um það að segja hvernig þingið/deildin þeirra lítur út og hvað er í boði í stöðvavinnu, leitað er eftir hugmyndum barnanna. Börnin huga einnig að þinginu/deildinni t.d. með því að ganga frá jafnóðum og að þrífa hana einu sinni í viku. Í Matstofu velja þau sér sæti o.fl. Þegar hér er komið eiga börnin að vera orðin nokkuð góð í að meta eigið magamál þannig að þegar þau eru búin að borða og koma til baka inn á sitt þing/deild þá færir hvert barn mynd af sér á þar tilgerða matstöflu, sem sýnir hvort barnið hafi að eigin mati borðað; lítið, miðlungs eða mikið. Enn þarf nokkrar umræður um að setja ekki of mikið á matardiskinn, fá sér frekar meira af hlaðborðinu í annarri ferð.

Þegar börnin eru fimm ára og komin á sitt síðasta leikskólaár eru þau orðin vön enn sjálfstæðari vinnubrögðum svo og í að leggja mat á eigin hugmyndir og sameiginlegar hugmyndir hópsins. Börnin bæði stýra og skipuleggja stöðvavinnufundi ásamt kennurum. Þá metur hvert barn að hausti hvað það vill leggja sérstaka áherslu á síðasta skólaárið sitt. Líkt og áður var fjallað um þá er þingið/deildin vinnusvæði sem börnin huga að líkt og þau gerðu þegar þau voru fjögurra ára og þegar þau leggja mat á hve mikið þau hafi borðað, skrá þau það á spjald merkt nafni viðkomandi barns, fyrst er nafnið haft í prentuðu formi en þegar líður að vori breyta börnin þeim yfir í að skrifa sjálf nafnið sitt í stað þess prentaða. Oft þarf nokkrar umræður um að setja ekki of mikið á matardiskinn og forðast matarsóun.

Um matarmenninguna í Aðalþingi er sérstakur námsvefur á heimasíðu leikskólans.

Matur og matarmenning

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) er heilbrigði og velferð einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Ein undirstaða leikskólastarfsins er sú næring sem börnin fá. Í Aðalþingi er lögð áhersla á að maturinn sé unnninn frá grunni. Með því er átt við að aðkeyptir og tilbúnir réttir eru ekki bornir á borð og brauð t.d. bökuð á staðnum. Mikil áhersla er lögð á að maturinn sé næringarlega vel samsettur. Börnunum er boðið upp á hafragraut og lýsi í morgunmat án þess að foreldrar greiði sérstaklega fyrir. Matarmenningin er hluti af heildarshugsuninni í skólastefnunni. Ánægjulegt er að benda hér á Aðalþing fékk hæstu einkunn í niðurstöðum úttektar á eldhúsum grunnskóla og leikskóla Kópavogsþejar.

Lögð er áhersla á valdefningu og lýðræðisleg sjónarmið. Starfsfólk Aðalþings þróaði Matstofu og ákveðna matarmenningu sem fleiri leikskólar hafa tekið upp. Borin er virðing fyrir hæfni barnanna til að velja sér sjálf á diskinn, hvar þau sitja og hvaða tíma þau verja til að matast. Um matarmenninguna er sérstakur [námsvefur](#) á heimasíðu leikskólans.

Rannsóknarhópar

Hvert þing í leikskólanum er útbúið þannig að þar eru námsstöðvar. Námsstöðvarnar eiga að taka mið af áhuga og þroska barnanna. Dæmi um námsstöðvar; leirstöðvar, byggingarstöðvar, tónlistarstöðvar og svo framvegis.

Færsla á milli þinga

Í samræmi við hugmyndafræðina eru börnin í Aðalþingi í aldursskiptum hópum. Á yngri þingum/deildum eru þó tveir árgangar, en einn árgangur er að jafnaði á hverju svæði. Eldri þing/deildir eru alfarið aldursskiptar. Börnin eru tvö ár á hvorri deild/þingi (yngri/eldri), þau flytjast að öllu jöfnu á milli þinga að hausti, árgangur fer saman yfir á næsta þing.

Sjálfraði barnanna

Í Aðalþingi er lögð áhersla á að námsumhverfi skólans stuðli að sjálfraði barnanna. Hentug verkfæri þurfa að vera til staðar og aðgengileg jafnt börnum sem fullorðnum t.d. hnífapör og könnur. Áhersla er á að leikefni sem hentar hverjum árgangi sé aðgengilegt börnunum óháð aldri. Stuðlað er að því að börnin taki þátt í ákvörðunum allt eftir því sem aldur þeirra og aðstæður leyfa.

Viðbótarkennsla

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) er jafnrétti einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Öll börn eiga rétt til menntunar og náms við hæfi. Með námi við hæfi er átt við að leikskólinn leggur sig fram


um að veita öllum börnum sem mesta og besta hlutdeild í því starfi sem þar fer fram, bæði á forsendum barnsins og leikskólans. Það sem venjulega gengur undir nafninu sérkennsla fær heitið viðbótarkennsla. Viðbótarkennsluteymi Aðalþings fundar hálfsmánaðarlega til að meta og skipuleggja starfið. Teymið er jafnframt forvarnarteymi og markmiðið er að tryggja að ekkert barn sé lengi með óljósa stöðu eða á gráu svæði eins og stundum er sagt. Unnið er eftir ákveðnu vinnuferli þegar grunur er um að barn fái ekki notið leikskóladvalar sinnar til hlítar s.s vegna þroskaraskana, tilfinninga- og eða félagslegra erfiðleika. Reglulega eru haldnir svokallaðir teymisfundir, þar sem foreldrar, þingforseti viðkomandi barns og viðbótarkennslustjóri o.fl. fara yfir hvernig hefur gengið, farið er yfir einstaklingsnámskrá barnsins og hvað beri að leggja áherslu á næstu átta vikurnar. Hlutverk viðbótarkennsluteymis er einnig að vinna að því að komið verði til móts við sérhvert barn eftir aðstæðum þess; t.d. annað móðurmál en íslenska og barn sem dvalið hefur langdvölum erlendis. Matsverkfæri sem nýtt eru hjá teyminu eru meðal annars; Hljóm-2 að hausti fyrir elstu börn leikskólans. EFI-2 fyrir börn á fjórða ári. Málþroskaskiminin Orðaskil þegar þess þarf.

Skipulag og vinnuferli Viðbótarteymisins er endurskoðað reglulega og það skilar árlega skýrslu til Menntasviðs Kópavogs.

Leiðarljos í starfi með börnum

Hverjum leikskóla er mikilvægt að hafa leiðarstef í starfi með börnum. Í Aðalþingi er áhersla lögð á að:

- Hvetja börnin.
- Mikilvægara sé að kenna börnum að spyrja spurninga en að fræða þau með svörum.
- Hjálpa barninu að finna hvað vekur áhuga hjá því, hvað því finnst skemmtilegt, þetta á að vera á forsendum barnsins ekki neinna annarra.
- Kenna barninu að takast á við hið óþekkta.
- Kenna barninu að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Kenna barninu að mikilvægasta umbunin er oft sú sem er í einu og öllu - í verkinu sjálfu.
- Kenna barninu að setja sig í spor annarra.



Gildi starfsins í Aðalþingi fyrir starfsfólk

Gæði starfsins í leikskólanum byggist á faglegum styrkleika kennara og gæðum þeirra samskipta sem þar eiga sér stað. Í leikskólum er mikilvægt að byggja upp sterkan og samhentan hóp starfsfólks sem þorir, getur og vill. Ýmsar leiðir eru færar í þeim eftir. Í Aðalþingi hefur verið ákveðið að leggja áherslur á nokkrar leiðir skólaárið 2021 – 2022.

Mikilvægi menntunar

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á starfi kennara sýna að það sem greinir kennara, sem eru starfi sínu vaxnir, frá hinum, er þekking, skilvirkni og innsæi. Það er mikilvægt hverjum kennara að vera meðvitaður um hvað liggur að baki þeim aðferðum sem hann notar, það gerir hann m.a. með því að skoða eigið starf. Starfsfólk Aðalþings mun vinna markvisst með uppedisfræðilegar skráningar til að rýna sig í starfi, fagfundir kennara eru haldnir vikulega undir handleiðslu pedagogistu.

Uppedisfræðilegar skráningar

Leikskólakennari þarf að vinna með sjálfan sig og viðhorf sín til að geta stutt við bakið á börnum. Með skráningu á umræðum og vinnu barnanna og með því að hlusta á kenningar þeirra og tilgátur, lærist kennaranum að skilja heim þeirra, börn búa yfir ólíkri reynslu og viðhorfum, því þarf að hlusta á hvert og eitt þeirra. Tilgátur þeirra ber að prófa og leyfa þeim að gera tilraunir og uppgötvanir. Auk þess sem skráningar á því hvað kennarinn gerir og hvernig samskiptin í hópnum eru og hvernig þau þróast, auðvelda kennaranum að setja sér markmið með starfinu og byggja starfið og námið út frá áhuga barnahópsins. Jafnframt er hann að setja orð á hina svokölluðu þöglu þekkingu, gera hið ósýnilega sýnilegt.

Styðjandi

Með því að rannsaka með barninu gefur kennarinn því tækifæri til að finna lausnirnar, barnið uppgötvar sjálft og finnur sínar leiðir og lausnir. Kennari sem vinnur þannig, sér að barn sem rannsakar og framkvæmir, er hugmyndaríkt og getumikið barn, hann sér styrk barnsins í stað veikleika þess.

Mannauður

Í starfi allra stofnana er mikilvægt að gera sér grein fyrir hver mannauður þeirra er. Í Aðalþingi er kappkostað að nýta þann mannauð sem þar er að finna. Að finna styrkleika starfsfólks og vinna með þá. Styrkleikar geta verið afar fjölbreyttir og bæði huglægir og verklegir. Má nefna góða samskiptahæfni, þekkingu á tungumálum, það að vera handlaginn, hugmyndaríkur, tónhneigður og svo framvegis.

Starfsmannaráðgjöf

Formleg starfsþróunarsamtöl eru haldin árlega, reynst hefur vel að fá aðstöðu í Kríunesi til þess.

Pedfundir

Frá stofnun leikskólans var ætlunin að móta litla handleiðsluhópa sem tækju fyrir tiltekin málefni. Veturinn 2010—2011 voru haldnir hádegisfundir þar sem starfsfólk fundaði vikulega um faglegt skólastarf Aðalþings. Veturinn 2011—2012 færðust hádegisfundir yfir á annan tíma dags og voru því endurskýrðir í Fagfundir en reynslan er að dagsdaglega eru þeir kallaðir Pedfundir.

Fundir og skipulagsdagar

Hvert þing heldur þingfund aðra hverja viku. Þingforseti (deildarstjóri) stýrir fundunum og ákveður efni og tilgang þeirra hverju sinni. Stundum koma allir starfsmenn þingsins á fund og er þá t.d. rædd heildarstefnumörkun. Stundum fundar þingforseti með einum og einum starfsmanni. Fundartími deildanna er því nýttur með mismunandi hætti eftir efnum og ástæðum hverju sinni.



Gildi starfsins í Aðalþingi fyrir foreldra

Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra og forráðamenn barnanna í Aðalþingi, enda teljum við að þessi samvinna sé ein af undirstöðunum að góðu leikskólastarfi. Persónuleg tengsl og samskipti milli foreldra og forráðamanna og starfsmanna leikskólans eru afar mikilvæg í þessu tilliti, en í samræmi við nútímakröfur nýtir leikskólinn sér líka nútímatækni eins og kostur er til að gera foreldrum og forráðamönnum kleift að fylgjast með því sem börnin eru að gera í leikskólanum.

Aðlögun

Aðlögun barna í Aðalþingi hefst með bréfi til foreldra að vori og kynningafundi fyrir nýja foreldra.

Skólaárið 2021-2022 var þáttakendafjöldi á kynningafund fyrir foreldra takmarkaður og voru kynningarfundirnir því þrír, haldnir í ágúst.

Þingforseti/deildarstjóri boðar foreldrar í foreldrasamtal áður en barnið þeirra hefur leikskólagönguna, þar sem farið er yfir atriði sem snerta viðkomandi barn. Foreldrum er einnig boðið á kynningafund, þar sem annarsvegar er deilt út hagnýtum upplýsingum og hinsvegar farið í stefnu leikskólans. Þáttökuaðlögun er eins og fram hefur komið, það aðlögunarform sem notað er í Aðalþingi. Í tengslum við aðlögunardaga (þegar nokkur fjöldi barna er samtímis í aðlögun). Á aðlögunartíma gefst einstakt tækifæri til að gera skólann og starfið þar sýnilegra foreldrum. Það er trú í Aðalþingi að foreldrar sem þekkja leikskólann, starfið þar og starfsfólk séu líklegrir til að vera opnir fyrir annarskonar samstarfi við leikskólann. Telja má að ef þáttökuaðlögun tekst vel styrki það innbyrðis tengsl foreldra, tengsl foreldra við leikskólann og við börnin.

Þann 17. ágúst 2021, hófu 34 ný börn nám í Aðalþingi.

Foreldrafélag

Foreldrafélög eru mikilvæg fyrir starfsemi leikskóla. Hlutverk þeirra mótaði bæði af hefðum og áhuga þeirra sem þar stýra. Það er hlutverk leikskólans að styðja við stofnun foreldrafélags á allan þann hátt sem hægt er. Í Aðalþingi er starfandi foreldrafélag sem er mjög virkt og sinnir margskonar félagsstarfi fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Vorið 2016 komu foreldrar og starfsfólk saman á vegum foreldrafélagsins einn laugardagsmorgun á svokkölлуðum garðdegi, en þá var unnið að ýmsu viðhaldi og endurbótum á útileiksvæði Aðalþings. Bæjarfélagið lagði verkefninu lið með því að leggja til byggingarefni, plöntur og annað sem til þurfti. Þetta framtak er dæmi um samfélagsverkefni þar sem margir lögðu hönd á plóg og var til einstakrar fyrirmynadar.

Foreldraráð

Mikilvægi foreldraráða er tölувert og það tíundað í landslögum, undir foreldraráð skal bera allar meirháttar breytingar á skólastarfi. Foreldraráð Aðalþings var eitt það fyrsta sem mótaði sér starfsreglur og hafa verið birtar á heimasiðu leikskólans. Foreldraráð Aðalþings hefur ávallt verið framsækið og öflugt.

Foreldrasamtöl - dagálar

Markmið foreldrasamtala er tvöfalt; annars vegar að foreldrar veiti upplýsingar til leikskóla og hinsvegar að leikskóli veiti upplýsingar til foreldra. Í Aðalþingi er valin sú leið að útbúa skýrslu á hverju þingi þar sem daglegar athafnir og leikir barna eru skráðir jafnóðum. Þegar barnið fer heim úr

leikskólanum kvitta foreldar í skrána og fá í leiðinni upplýsingar um hvernig dagurinn hefur verið. Er litið á dagálana sem ígildi daglegra foreldrasamtala. Viðveruskrá hefur verið færð í Smáforritið – Vala. Tvisvar á ári er foreldrum boðin samtöl, stutt samtal að hausti og ítarlegt samtal að vori. Allir foreldrar geta hvenær sem er óskað eftir sérstökum samtölum ef þeir telja sig þurfa þess, en foreldrar eru líka hvattir til að nota aðrar samskiptaleiðir, svo sem tölvupóst og aðra netmiðla.

Helgarpósturinn

Vikulega sendir hvert þing foreldrum rafrænt fréttabréf um það sem helst hefur verið á döfinni, fréttabréfið er nefnt Helgarpósturinn.

Foreldrafundir – opin hús

Vegna húsakosts er ekki stefnt að því að halda foreldrafundi reglulega nema sérstakt tilefni sé til. Þess í stað eru aðrar leiðir og miðlar notaðir til hins ýtrasta til að eiga samskipti við foreldrahópinn. Opnum húsum og öðrum samkomum verður haldið áfram eins og áður.

Heimasíða og facebooksíða

Hlutverk heimasíðu er að vera gagnvirkur miðill. Að vera gluggi inn í leikskólastarfíð en samtímis leið foreldra til að koma upplýsingum og viðhorfum á framfæri. Á heimasíðu er komið á framfæri upplýsingum um það sem er á döfinni í leikskólastarfinu hverju sinni og kannanir gerðar. Til nokkurra ára hefur Aðalþing sér síðu á vefsíðu Facebook sem ætlað er fjölskyldum barnanna og öðrum vinum Aðalþings.

Aðkoma foreldra að mati

Í Aðalþingi hefst foreldrasamstarfið með fyrsta bréfi sem staðfestir að barnið muni hefja leikskólagöngu í leikskólanum. Í bréfinu er greint frá einu meginmarkmiði skólans sem er að í Aðalþingi fái barnið þá bestu umönnun og kennslu sem völ er á. Foreldrum er reglulega bent á að láta stjórnendur vita ef þeir telja að fyrrgreint markmið sé ekki uppfyllt. Áður en barn hefur leikskólagöngu sína eru foreldrar boðaðir í fyrsta foreldrasamtalið, en reglubundin formleg samtöl eru tvisvar á skólaári, eitt að hausti og annað að vori, einnig geta foreldrar hvenær sem er óskað eftir sérstöku samtali við kennara og/eða stjórnendur skólans. Markmið foreldrasamtala er að foreldrar og kennrar ræði um skólastarfíð; nám og líðan barnsins. Kennrarar í Aðalþingi hafa þróað eyðublöð sem notuð eru í foreldrasamtölum. Viðbótarkennslustjóri er með í foreldrasamtölum bæði hjá þeim börnum sem eru í 3-4 flokki og börnum leikskólans þar sem óskað er eða þörf er á frekari ráðgjöf til foreldra. Áður en barnið hefur leikskólagöngu sína eru foreldrar þess boðaðir á kynningarfund þar sem skólastarfíð í Aðalþingi er kynnt og þeim bent á leiðir til að gagnrýna skólastarfíð. Aðferðin sem notuð er við upphaf skólagöngu hvers barns í Aðalþingi nefnist þáttökuaðlögun, foreldrar eru með börnum sínum í leikskólanum í þrijá daga og taka virkan þátt í leikskólastarfinu. Í Aðalþingi er starfandi foreldrafélag svo og foreldraráð, sem hefur sett sér starfsreglur. Meiriháttar breytingar á skólastarfíð Aðalþings eru lagðar fyrir foreldraráðið. Kannanir hafa verið gerðar meðal foreldra, þær hafa ýmist verið framkvæmdar af stjórnendum skólans eða fyrirtækinu Skólapúls og unnið hefur verið að endurbótum miðað við niðurstöður kannananna. Foreldrar fá vikulega gögn um líðandi skólastarf, foreldrar og börn rýna gögnin sameiginlega, þannig gefst barni tækifæri á að rifja upp og meta hvað það hefur lært. Í Aðalþingi hefur verið unnin handbók fyrir starfsfólk um foreldrasamstarf.



Gildi starfsins í Aðalþingi fyrir samfélagið

Gildi starfsins í Aðalþingi snertir samfélagið á ýmsan hátt og hér verður gerð grein fyrir nokkrum meginþáttum.

Samskipti við umhverfið

Aðalþing hefur samskipti við ýmsar stofnanir sem snerta skólahaldið á ýmsa vegu, meðal þeirra má nefna: grunnskóla í hverfinu, aðra leikskóla s.s. vegna sameiginlegra verkefna, skólaskrifstofu Kópavogs, félagsþjónustu Kópavogs, Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Háskólan á Akureyri og Uppsala Universitet. Kennarasamband íslands og hin ýmsu sérfélög því tengd.

Meðal stofnana og náttúrusvæða í nærsamfélagi leikskólans má nefna Vatnsendabýlið, Elliðavatn, Magnúsarlund og Guðmundarlund.

Nokkuð hefur verið um að leikskólaufolk erlendis frá hafi heimsótt Aðalþing og dvalið þar í lengri eða skemmið tíma t.d. frá; New York, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Síle og Bretlandi. Einnig hafa leikskólakennrarar frá Aðalþingi sótt aðra leikskóla heim t.d. í Stokkhólmi vor 2013, 2015, 2016 og 2018. Vorið 2017 var farið í námsferð til Reggio Emilia. Stefnt er að því að eiga áfram í erlendum samskiptum við leikskólaufolk með það markmið að efla leikskólastarfíð í Aðalþingi.

Skólaárið 2018-2019 voru vettvangsnemar í 24 vikur í námi í Aðalþingi. Leikskólakennaranemar frá Háskóla Íslands og háskólanum í Uppsala. Frá 2016 til 2019 hafa sjö nemendur frá Uppsala Universitet stundað átta vikna vettvangsnám í Aðalþingi, eða samtals 56 vikur.

Aðalþing - Vatnsendaskóli

Kópavogur hefur tekið þá ákvörðun að hver leikskóli eigi aðeins samstarf við einn grunnskóla, það er grunnskóla í viðkomandi skólahverfi. Öll börn sem eru í viðkomandi leikskóla taka þátt í samstarfi við hverfisskóla hvort sem barnið mun hefja þar grunnskólagöngu sína eða ekki. Aðalþing er í

samstarfi við Vatnsendaskóla, kennarar yngsta stigsins þar og kennarar elsta stigs leikskólanna eiga með sér samstarf. Vatnsendaskóli er með verkefnavinnu sem heitir Skólavinir. Verkefninu er þannig háttáð að leikskólabörn á síðasta ári í leikskóla eignast skólavin í fjórða bekk. Meginmarkmið verkefnis er að nemandi sem hefur grunnskólagöngu í 1. bekk eigi stuðningsaðila í skólanum, vin í 5. bekk sem hann getur leitað til. Að vori funda kennarar skólastiganna tveggja, leggja mat á líðandi samstarf og greina frá stöðu barnanna.

Umhverfisstefna - sjálfbærni

Stefna leikskólans Aðalþings er að starfa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt. Eitt meginmarkmiðið er að stuðla að sjálfbærni. Í Aðalþingi er sjálfbærni skilgreind vítt, stuðst er við skilgreiningar sem ýta undir virðingu fyrir umhverfinu í víðri merkingu. Þannig vinnur Aðalþing að hugmyndum um sjálfbærni bæði með því að vinna með viðhorf og með beinum aðgerðum.

Í Aðalþingi er lögð áhersla á að nýta alla afganga vel, hvort sem það er matur eða efniviður. Að starfsfólk og börn geri sér grein fyrir mikilvægi þess að fara vel með hluti og efnivið. Virðing sýnir sig í umgengni og notkun. Stefnt skal að því að vinna sérstaklega með viðhorf til sjálfbærni.

Umhverfi

Stefnt er að nýta nærumhverfi leikskólans sem best, t.d. að fléttu því inn í daglegt leikskólanám, vettvangsferðir o.fl.

Efniviður

Fyrir utan keypt leikefni fyrir börnin, má nefna ýmsan efnivið sem til fellur innanhúss svo sem ílát og umbúðir, af ytri efnivið má nefna ýmsa iðnaðarafganga sem m.a. foreldrar eru hvattir til að koma með. Stór hluti efniviðar til sköpunar er fenginn með þessum hætti.

Matur

Við innkaup skal hafa í huga að matur sé sem minnst unnin, að ekki séu í honum ónauðsynleg eða varhugaverð aukaefni. Stefnt skal að því að hlutfall matvæla, sérstaklega grænmetis, sé lífrænt. Allt frá 2009 þegar Aðalþing opnaði hefur rusli verið flokkað í þriggja flokka kerfi; tunnu fyrir lífrænan úrgang, tunnu fyrir endurvinnanlegan úrgang og tunnu fyrir óendurvinnanlegan úrgang. Matur sem ekki fer úr eldhúsi er nýttur eftir því sem hægt er. Allur matur er unnninn frá grunni í eldhúsi, brauð bökuð, bollur gerðar úr hakki og svo framvegis. Til að þetta sé unnt verða að vera góð tæki í eldhúsini. Stefnt er að því að þau tæki sem þarf til, séu ávallt fyrir hendi.

Þvottur – hreingerningar

Allar hreinlætisvörur eru eins umhverfisværar og mögulegt er. Árið 2012 var hætt að nota pappírshandþurrkur, nema í undantekningatilvikum þegar nauðsynlegt er að nota þær vegna heilbrigðismála. Grænir handklæðaklútar eru til að þurkka hendur og eru á salernum barna og starfsmanna. Bláir handklæðaklútar eru fyrir andlitsþvott, eftir hverja máltíð fá börnin bláa raka tauandlitsklúta til að þrífa sig.

Stefnur og eftirlit

- Mánaðarlega eru tekin saman gögn fyrir Kópavogsbæ samkvæmt ákvæðum í þjónustusamningi við Aðalþing.

- Reglulega er framkvæmd aðalskoðun á leiktækum á leikvelli Aðalþings samkvæmt reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja.
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vinnur reglulega mat á leikskólanum.
- Mánaðarlega vinnur leikskólastjóri Aðalþing ----- Eldvarnareftirlit
- Viðbragðs- og rýmingaráætlun.
- Aðalþing hefur sett sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning barna í Aðalþingi.
- Aðalþing hefur sett sér stefnu um jafnrétti.
- Aðalþing hefur sett sér stefnu um viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrarog kynbundinnar áreitni.
- Handbók um öryggi og velferð barna í leikskólum, mennta og menningamálaráðuneyti.
- Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnnda unnar af menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barnavernd Reykjavíkur og Barnaverndarstofu.

Heimildir og ítarefni

Edwards, C. P., Gandini, L. og Forman, G. E. (1998). *The hundred languages of children: The Reggio Emilia approach – advanced reflections* (2. útgáfa). Greenwich: Ablex.

Guðrún Alda Harðardóttir. (2007). Kyngervi í leikskóla. Í Hermann Óskarsson (ritstjóri.), *Afmælisrit Háskólans á Akureyri 2007*. Akureyri: University of Akureyri.

Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson. (2012). Viðhorf tveggja leikskólakennara og aðferðir við valdeflingu leikskólabarna. *Tímarit um menntarannsóknir*, 9(1) 112–131.

Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson. (2012). Trú leikskólabarna á eigin getu: Nokkur tilbrigði við aðferðafræðileg stef úr kenningu Bandura. *Uppeldi og Menntun*. 21(2), 113–138.

Guðrún Alda Harðardóttir. (2014). *Námstækifæri barna í leikskóla: tækifæri leikskólabarna til þátttöku og áhrifa á leikskólanám sitt*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

Hoyuelos, A. (2013). *The ethics in Loris Malaguzzi's philosophy and pedagogical work*. Reykjavík: Ísalda.

Malaguzzi, L. (1998). *Barnets – pedagogernas – föräldrarnas rättigheter* (A. Barsotti, þýddi). Modern barndom, 5, 14–15.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Moestrup, J. og Eskesen, K. (2004). *Samtaler med Loris Malaguzzi*. Odense: Det Danske Reggio Emilia Netværk.

Rinaldi, C. (2006). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. London: Routledge.

Roskos, K. A. og Christie, J. F. (2011). The play-literacy nexus and the importance of evidence-based techniques in the classroom. *The American Journal of Play*, (4), 204-224. Sótt frá: <http://www.journalofplay.org/sites/www.journalofplay.org/files/pdf-articles/4-2- article-roskos-the-play-literacy-nexus-and-evidence-based-techniques.pdf>

Rósa Eggertsdóttir. (2019). *Hið ljúfa læsi. Handbók um læsiskennslu fyrir kennara og kennaranema*. Akureyri: Höfundur.

Rafræn fylgiskjöl

Fylgiskjal nr. 1
Skóladagatal Aðalþings 2021-2022

Fylgiskjal nr. 2
Stefna Aðalþings um mál og læsi

Fylgiskjal nr. 3
Jafnréttisstefna Aðalþings

Fylgiskjal nr. 4
Áætlun um öryggi og heilbrigði varðandi
einelti, ofbeldi, kynferðislegs- og kyndbundins áreitis

Fylgiskjal nr. 5
Kerfisbundið innra mat á leikskólastarfi í Aðalþingi